

Fundargerð

samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar

14. október 2020

Árið 2020, 14. október kl. 14:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi (í fjarveru Ragnildar Hjaltadóttur), Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Ragnildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn: Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Tinna Dahl Christiansen sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir lið 4: Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Fundargerðir undirnefnda

Lagðar voru fram til kynningar 4 fundargerðir frá samráðsnefnd um opinber fjármál, frá 8. maí – 2. júlí 2020.

2. Framkvæmd samkomulagsins – staða og aðgerðaáætlun

Farið var yfir drög að verkefnum og verkefnaábyrgð á grundvelli samkomulags um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021-2025 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Farið var yfir stöðu og aðgerðaráætlun á hverjum lið samkomulagsins.

Að yfirferð lokinni voru fundarmenn sammála um aðgerðaáætlun um framkvæmd verkefna samkomulagsins og var sammælt um að áætlunin yrði uppfærð reglulega.

3. Framkvæmd yfirlýsingar – staða og aðgerðaráætlun

Samtal er komið á milli SRN og FJR varðandi það hvernig staðið verður að öflun fjárheimilda í fjáráuka haustsins svo unnt verði að hrinta aðgerðum yfirlýsingarinnar í framkvæmd.

4. Fjármögnun og útfærsla sameiningarframlaga til sveitarfélaga

Guðni Geir Einarsson kynnti fyrir nefndinni fjármögnun og útfærslu á sameiningarframlögum til sveitarfélaga. Markmiðið er að styrkja sveitarstjórnarstigið með því að stuðla að sameiningum sveitarfélaga og búa til sterkari heildir. Sveitarfélög munu eiga kost á að sækja um sameiningarframlag þangað til þarnæstu kosninga. Framlagið greiðist á sjö árum frá og með sameiningarári. Gert er ráð fyrir að um 15 ma.kr. verði veitt í framlög á tímabilinu.

5. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður 11. nóvember kl. 14:00 og verður aðalumfjöllunarefni hans staða opinberra fjármála og þjóðarbúskapurinn.

Fundi var slitið kl. 15:23.

-TDC-